

Þriðjudaginn 24. nóvember 1964.

Nr. 154/1964. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Richard Taylor (Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Ákæra um fiskveiðabrot.
Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og í héraðsdómi greinir, sáu varðskipsmenn togara ákærða sigla út úr landhelgi, og töldu þeir af siglingu hans mega ráða, að hann væri að togveiðum. Hins vegar sáu þeir ekki veiðarfæri hans í sjó innan fiskveiðimarka, og þykja gögn málsins eigi veita fulla sönnun fyrir ólöglegum veiðum ákærða. Samkvæmt því, sem nú var rakið, þykir, eins og á stendur, bera að staðfesta niðurstöðu hins kærða dóms.

Eftir þessum úrslitum á kærumálaskostnaður að greiðast úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun talsmanns ákærða, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálaskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns ákærða, Gísla Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 23. september 1964.

Ár 1964, miðvikudaginn 23. september, var í sakadómi Ísafjarðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni á Ísafirði af Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta með meðdómsmönnunum Rögnvaldi Jónssyni og Kristjáni H. Jónssyni, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 22. þ. m.

Ákærður er Richard Taylor, skipstjóri á brezka togaranum

James Barrie, H 15, frá Hull, til heimilis 186 Pickering Road, Hull, Englandi, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 3 11. marz 1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands sbr. lög nr. 44 5. apríl 1948 og lög nr. 33 19. júní 1922, sbr. enn fremur 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 6 17. febrúar 1959 um breytingu á þeim lögum, með því að vera að botnvörpuveiðum á nefndum togara úti af Barða aðfaranótt mánudagsins 21. september 1964 innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 3/1961.

Í ákæruskjali ákærast ákærði til að sæta refsingu samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961 sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948 og 1. gr. laga nr. 81/1952 um breytingu á þeim lögum sbr. enn fremur 3. gr. og 5. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951 um breytingu á þeim lögum til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Verjandi ákærða hefur aðallega krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Hvernig sem málið fer, krafðist verjandi málsvarnarlauna fyrir sig eftir mati dómsins.

Ákærði, Richard Taylor, er kominn yfir lögaldur sakamanna, samkvæmt eigin upplýsingum fæddur 3. desember 1931 í Hull, Englandi. Hann hefur sætt þessum refsingum hér á landi:

1. Í sakadómi Reykjavíkur 21.3. 1961: Dómur, 230.000 króna sekt fyrir brot gegn landhelgislögunum.
2. Í sakadómi Ísafjarðar 2.12. 1961: Dómur, 2ja mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 106. gr. hegningarlögganna. Greiði in solidum kr. 5.000.00 skaðabætur.
3. Í sakadómi Ísafjarðar 16.11. 1963: Dómur, 2ja mánaða varðhald og 300.000 króna sekt fyrir botnvörpuveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands og afli og veiðarfæri b/v James Barrie, H 15, gerð upptæk.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 20. september 1964 var varðskipið Óðinn á leið út Önundarfjörð til gæzlustarfa.

Sáust þá í ratsjá varðskipsins togarar, sem virtust vera grunnsamlega nærri landi.

Voru þá gerðar þessar staðarákvarðanir:

1. Kl. 2334:

S-endi Flateyrar, fjarlægð 3.5 sm.

Stytzt í landið að sunnanverðu, — 1.2 —

Togari r/v 301°, — 12.7 —

Gefur þessi mæling stað togarans um 1.8 sm innan fiskveiðimarkanna.

2. Kl. 2340:

S-endi Flateyrar, fjarlægð 5.3 sm.

Stytzt í landið að sunnanverðu — 1.8 —

Togarinn r/v 299°, — 11.0 —

Gefur þetta stað togarans um 1.6 sm innan fiskveiðimarkanna.

3. Kl. 2347:

Göltur, fjarlægð 4.4 sm.

Barði, N-kantur, — 2.25 —

Togarinn r/v 298.5°, — 9.5 —

Þessi mæling gefur stað togarans um 1.5 sm innan fiskveiðimarkanna.

4. Kl. 2353:

Göltur, fjarlægð 5.5 sm.

Barði, N-kantur, — 3.4 —

Togarinn r/v 297°, — 8.1 —

Gefur þessi staðarákvörðun stað togarans um 1.1 sm innan fiskveiðimarkanna.

Kl. 2356 var dregið upp stöðvunarflaggið K.

5. Kl. 2359:

Göltur, fjarlægð 6.9 sm.

Barði, N-kantur, — 5.0 —

Togarinn r/v 295.5°, — 6.8 —

Þessi mæling gefur stað togarans um 0.6 sm innan fiskveiðimarkanna.

Mánudaginn 21. september 1964, kl. 0002, var togaranum gefið stöðvunarmerkið K með ljósmorsi.

6. Kl. 0005:

Göltur, fjarlægð 8.4 sm.

Barði, N-kantur, — 6.6 —

Togarinn r/v 297.5°, — 5.35 —

Þessi mæling gefur stað togarans um 0.2 sm innan fiskveiðimarkanna.

Stöðvunarmerkið var stöðugt gefið með morselampa.

7. Kl. 0011:

Göltur, fjarlægð 9.9 sm.

Barði, N-kantur, — 8.5 —

Togarinn r/v 293°, — 3.9 —

Þessi staðarákvörðun gefur stað togarans 0.2 sm utan fiskveiðimarkanna.

Um leið og þessi staðarákvörðun var gerð, var skotið púðurskoti. Kl. 0015 var skotið lausu skoti.

8. Kl. 0019:

Barði, N-kantur,	fjarlægð	10.7 sm.
Stigi,	—	14.5 —
Togarinn r/v 274°,	—	2.3 —

Þessi mæling gefur stað togarans um 0.6 sm utan fiskveiðimarkanna.

Pegar hér var komið, nam varðskipið staðar til þess að setja menn yfir í annan togara, en 1. stýrimaður varðskipisins fylgdist stöðugt með þessum togara.

Kl. 0046 var haldið að togaranum.

9. Kl. 0048:

Stigi,	fjarlægð	17.4 sm.
Barði, N-kantur,	—	13.4 —
Togarinn r/v 224°,	—	1.8 —

Þessi mæling gefur stað togarans um 1.7 sm utan fiskveiðimarkanna.

Kl. 0054 var gefið stöðvunarmerkið K með ljósmorsi.

Um sama leyti sást, að togarinn var James Barrie, H 15, og togaði hann með stjórnborðsvörpu.

10. Kl. 0056 var gerð þessi staðarákvörðun við hlið togarans:

Barði,	fjarlægð	13.6 sm.
Stigi,	—	18.8 —
Dýpi 78 metrar.		

Þessi mæling gefur stað togarans um 1.7 sm utan fiskveiðimarkanna.

Varðskipsmenn kölluðu nú í togaraskipstjórnann og skipuðu honum að nema staðar og draga vörpuna inn.

Kl. 0100 fór bátur frá varðskipinu með 3. stýrimann og háseta yfir í togarann, og voru ákærða gefin fyrirmæli um að halda í landvar til frekari viðræðna um borð í varðskipinu.

Kl. 0123 var lagt af stað undir land.

Kl. 0230 var numið staðar í mynni Önundarfjarðar.

Kl. 0315 kom ákærði um borð í varðskipið, og var honum tilkynnt, að hann yrði kærður fyrir meintar, ólöglegar veiðar innan 12 sjómílna fiskveiðimarkanna. Hann viðurkenndi, að hafa verið innan fiskveiðimarkanna, en það hefði verið vegna vélbilunar. Hann kvaðst hafa siglt með fullri ferð frá því kl. 2340

eftir meðaltíma, miðað við Greenwich. Væri full ferð 12 sjómíllur. Hann kvaðst hafa kastað vörpunni kl. 0010 í 12.1 sm fjarlægð frá Barða.

Ákærða var nú tjáð, að hann yrði að koma til Ísafjarðar með varðskipinu til frekari rannsóknar. Þangað var haldið kl. 0400, en komið á Ísafjörð kl. 0633.

Veður var: A — 5, sjór A — 5 og skýjað.

Staðarákvarðanir voru gerðar af 1., 2. og 3. stýrimanni undir umsjá skipherra.

Mælingarnar voru gerðar með Kelvin-Hughes ratsjá og Sperry-gýróáttavita.

Í dómi bar skipherra varðskipsins, að hann hefði ekki séð togarann að veiðum innan fiskveiðimarkanna, en hann hefði gert ráð fyrir því, þar sem skipið sigldi með toghraða. Taldi hann, að toghraði mundi vera 3—4.5 sm.

Hann kvaðst ekki hafa borið saman klukkur ákærða og varðskipsins, en hins vegar hefði ákærði sagt honum, að hann notaði Greenwichmeðaltíma, sem væri samhljóða íslenskum sumartíma.

Vitnið Helgi Hallvarðsson, 1. stýrimaður á varðskipinu, kvaðst ekki hafa séð, að togarinn væri að veiðum innan fiskveiðimarkanna, en hafa gert ráð fyrir því, sökum þess að skipið sigldi með toghraða. Þetta vitni skýrði frá því, að stöðvunarflaggið K, sem dregið var upp kl. 2356, hafi einnig verið ætlað b/v Wyre Vanguard, FD 36, sem varðskipið veitti einnig eftirför.

Einnig hefði ljósmorsemerkið K, sem gefið var kl. 0002, verið ætlað báðum togurunum. Hafi stefna varðskipsins fyrst í stað verið á milli skipanna og stöðvunarmerkinu verið beint til beggja hliða, til þeirra beggja.

Annar stýrimaður bar einnig vætti í málinu. Hann kvaðst ekki hafa tekið þátt í tveimur fyrstu staðarákvörðunum og tveimur síðustu, en þá var hann kominn um borð í b/v Wyre Vanguard, FD 36. Vitnið kvaðst hafa gefið ljósmerkin kl. 0002, að því hann minni, og beindi hann ljósmerkjunum að fyrirmælum skipherra að hvoru skipi fyrir sig. Vitnið kvaðst ekki hafa séð, að togarinn væri að veiðum innan fiskveiðimarkanna, en talið, að svo mundi vera, vegna ljósabúnaðar skipsins og hraða. Þriðji stýrimaður varðskipsins bar einnig vætti í málinu. Hann skýrði frá því, að poki vörpunnar hefði verið tekinn inn í togarann, skömmu eftir að hann kom um borð.

Hefði verið lítill fiskur í honum, líklega 5—6 körfur, enda

hefðu bæði poki og belgur vörpunnar verið töluvert rifnir, svo ekki hefði verið óeðlilegt, að lítill fiskur væri í vörpunni.

Þessi vitni báru, að togarinn hefði ekki haft uppi nein merki um það, að hann væri með bilaða vél.

Öll vitnin staðfestu vætti sitt með eiði.

Ákærði lýsti yfir fyrir dómi, að hann viðurkenndi ekki að hafa verið að veiðum innan fiskveiðimarkanna. Hann skýrði frá því, að vélarbilun hefði orðið í skipinu, er það var statt um 50 sm undan landi. Sigldi hann þá áleiðis til lands og nam staðar um 10 sm frá landi, þar fór fram viðgerð á vélinni, og var bráðabirgðaviðgerð lokið kl. 2340—2345. Þá sigldi hann á stað með um 7 sm hraða út og á stað í 24.5 sm fjarlægð frá Rit og 12.2 sm fjarlægð frá norðanverðum Barða eða um 0.2 sm utan við fiskveiðimörkin. Þar kastaði hann vörpunni, sem hafði verið búlkuð, meðan hann var innan fiskveiðimarkanna, og hefði hann togað í um 50 mínútur með VSV-stefnu, sem þó hefði verið breytileg. Þó hefði hann siglt í hér um bil NNV, fyrst eftir að hann kastaði vörpunni. Ákærði kvaðst hafa kastað vörpunni um það bil kl.0010, og hefði skipið þá haft 6—7 sm hraða, en hann hefði numið staðar í 2—3 mínútur, meðan varpan var losuð úr búlkun og komið út fyrir síðuna, en síðan hefði hann sett á ferð. Hann kvaðst engar beygjur hafa tekið, meðan hann kastaði vörpunni. Ákærði kvaðst hafa séð um tíu togara á þeim slóðum, sem hann var. Hann kvaðst ekki hafa sett upp nein merki um vélarbilun, vegna þess að skipið lét að stjórn.

Ákærði kvaðst fyrst hafa orðið var við stöðvunarmerki varðskipsins með ljósmorsi kl. um 0100.

Einnig kvaðst hann hafa heyrt skot, en því hafi verið beint að b/v Wyre Vanguard og Óðinn hafi stefnt í átt til hans. Ákærði kvaðst hafa haldið, að Óðinn væri að eltast við b/v Wyre Vanguard, en ekki sig. Ákærði kvaðst hafa kallað Óðin upp í talstöð sinni um kl. 0100 og spurt, hvað hann vildi sér. Áður hefði Óðinn ekki kallað sig upp. Það er upplýst í máli þessu, að varðskipið Óðinn gaf ákærða ljósmerki um að nema staðar kl. 0002. Þá var ekki gerð nein staðarákvörðun á togaranum, en kl. 0005 voru mælingar gerðar, og reyndist togarinn þá vera um 0.2 sm innan fiskveiðimarkanna. Ef tillit er tekið til þeirrar hugsanlegu skekkju á ratsjá varðskipsins, sem viðurkennd er af framleiðanda hennar eða 2%, er skipið að vísu innan fiskveiðimarkanna, en óvissa er um þann stað, sem skipið var á, þegar ljósmerkið var gefið, sökum þess að þá var engin staðar-

ákvörðun gerð. En þó er sennilegt, að skipið hafi þá verið stutt nokkru nær landi.

Kl. 0019 nam varðskipið staðar til þess að setja menn um borð í annan togara, b/v Wyre Vanguard, FD 36, og hélt ekki eftirförinni eftir ákærða áfram fyrr en kl. 0046.

Lá varðskipið þannig kyrrt í 27 mínútur. Í skýrslu varðskipsins er frá því skýrt, að 1. stýrimaður þess hafi stöðugt fylgzt með ákærða, meðan á þessari dvöl varðskipsins stóð. Í alþjóðareglum frá 1958, sem Hæstiréttur hefur með dómi 13. janúar 1964 talið að gildi hér, er svo ákveðið, að sú meginregla skuli gilda, að taka erlends skips á úthafinu fyrir brot á fiskveiðilöggjöf ríkis sé m. a. háð því skilyrði, að skipinu hafi verið gefið stöðvunarmerki, á meðan það var innan fiskveiðimarkanna, og að það sé tekið eftir óslitna eftirför, sem þannig hefst.

Við töku ákærða var þessu skilyrði ekki fullnægt, þar sem dómurinn verður að líta svo á, að eftirförin hafi rofnað, er Óðinn nam staðar til þess að sinna töku annars skips. Það hlýtur og að vekja óvissu, sem koma á ákærða í hag, að aðeins einn af yfirmönnum varðskipsins fylgdist með ferðum togarans, meðan á þessu stóð, en á þessum slóðum voru um 10 skip.

Dómurinn lítur svo á, að hann bresti lögsöguvald til að leggja dóm á það, hvort ákærði hafi framið það brot, sem ákæruvaldið sækir hann í þessu máli til refsingar fyrir.

Verður því að vísa málinu frá dómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma á hendur ríkissjóði allan sakarkostnaðinn, þar með talin málsvarnarlaun verjanda, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, sem eru hæfilega ákveðin kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Málinu er vísað frá dómi.

Allan kostnað sakarinnar skal greiða úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.